



# Tímabundið starfsleyfi

÷ ÷ ÷ ÷ ÷ ÷ ÷ ÷

Í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á, veitir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hér með leyfi til neðangreinds:

**Leyfishafi:** Bláskógabyggð,  
kt: 5106024120

**Vegna:** Jónsmessubrennu við Vegholt í Reykholti

**Ábyrgðaraðili:** Kristófer Tómasson, kt. 0608655909,  
sími: 8617150

**Erlendur Óli Sigurðsson, kt. 0205564129**  
**sími: 8618828**

**Starfsemi:**  
Brenna yfir 100 m<sup>2</sup> að stærð

**Leyfið gildir:**  
24. júní 2023, kl: 19:00-23.00

**Starfsemin skal uppfylla neðangreind starfsleyfisskilyrði.**

1. Leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er skilyrt því að fyrir liggi endanlegt leyfi sýslumannsembættis fyrir brennunni.
2. Ábyrgðarmaður brennu skal sjá til þess að eftirlit sé haft með bálkesti allt frá því að söfnun efnis hefst, á meðan brenna standur yfir og þar til brenna er kulnuð og brennustæði hefur verið hreinsað.
3. Óheimilt er að safna efni á brennustæði á öðrum tíma en tilgreindur er í leyfi sýslumanns.
4. Einungis er leyfilegt er að brenna hreint óvarið timbur og pappa. Ábyrgðarmanni brennu er skyld að sjá svo um að á brennu fari ekki óleyfilegur eldsmatur.
5. Óheimilt er að kveikja í bálkesti ef vindur fer yfir 10 m/sek. eða vindátt er óhagstæð að mati lögreglu.
6. Bálköst skal staðsetja þar sem góður aðgangur er að nægjanlegu slökkvivatni og ekki nær íbúðarbyggð en 100 m og ekki nær matvælaframleiðslu eða öðrum viðkvæmum rekstri en 400 m. Bálköst skal ekki staðsetja þar sem hætta er á að eldur eða neistaflug geti kveikt í gróðri eða sinu.
7. Á brennustæði skal vera þykkur og þéttur leirkenndur jarðvegur sem getur bundið olíu og fangað þau spilliefni sem niður fara. Ef náttúrulegar aðstæður eru ekki fyrir hendi skal tryggt, t.d. með sandbornu undirlagi vel út fyrir brennustæði, að jarðvegur og gróður skemmis ekki.



8. Fyllstu varúðar skal gætt við balköst, bæði hvað varðar íkveikju- og mengunarhættu og skal þannig gengið frá brennuefni að ekki sé hætta á foki frá brennustæði, hvorki fyrir né eftir brennu.
9. Verði notuð olía við uppkveikju ber að halda notkun hennar í lágmarki. Óheimilt er að nota hvers konar úrgangsolíu hvort heldur sem er til uppkveikju eða til að viðhalda loga.
10. Brennustæði skal hreinsað svo fljótt sem auðið er að brennu lokinni og eigi síðar en á öðrum degi frá því að kveikt er í bálkesti. Ösku og öðrum úrgangsefnum skal komið til förgunar skv. reglum þar að lútandi.

**Almennt:**

1. Leyfishafa er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma og eftir frekari fyrirmælum, eftir því sem við á, heilbrigðiseftirlits, sveitarfélags, byggingarnefndar og/eða Brunavarna um staðsetningu, tímasetningu og búnað er nær til ofangreindrar starfsemi.
2. Breytingar á staðsetningu eða tímasetningu viðburðar skulu gerðar í samráði við leyfisveitendur.
3. Framsal þessa leyfis er óheimilt.

**Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftifarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 325/2016 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 414/2017 um skotelda.

Selfossi, 21. júní 2023.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Hrönn Jóhanndóttir  
Stella Hrönn Jóhanndóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



## Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

### Bláskógabyggð

kt. 5106024120

**Aratungu, 806 Selfoss**

**vegna brennu yfir 100m<sup>3</sup> að stærð við Vegholt í Reykholti, Bláskógabyggð.**

#### 1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 15. maí sl. umsókn Kristófers Tómassonar, kt. 0608655909, f.h. Bláskógabyggðar, kt. 5106024120, um starfsleyfi fyrir brennu yfir 100 m<sup>3</sup> að stærð sem fara á fram við Vegholt í Reykholti, Bláskógabyggð, þann 24. júní nk. kl. 19:00 – 23:00.

Um er að ræða nýtt tímabundið starfsleyfi og var móttaka umsóknar auglýst þann 16. maí sl. á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, [www.hsl.is](http://www.hsl.is).

Umsóknin var metin ófullnægjandi og var óskað eftir viðbótargönum í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Fullnægjandi upplýsingar bárust embættinu þann 22. maí sl.

Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit þar sem fram koma, eftir því sem við á hverju sinni, ákvæði um viðmiðunarmörk, orkunýtingu, meðferð úrgangs, mengunarvarnir, tilkynningaskyldu vegna óhappa og/eða slysa, innra eftirlit, vöktun, eftirlitsmælingar og rannsóknir svo og rekstur og viðhald mengunarvarnarbúnaðar.

#### 2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaþróun og sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þar sem um tímabundna starfsemi er að ræða og brennan fer fram á landi sveitarfélagsins á stað sem áður hefur verið notaður sem brennustæði, var ekki óskað eftir umsögn skipulags- og byggingafulltrúa um ofangreint.

#### 3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni

tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir brennu yfir 100 m<sup>3</sup> að stærð á vegum Bláskógabyggðar á heimasiðu sinni. Auglýsingin var birt þann 22. maí sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 19. júní sl.

#### **4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma**

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

#### **5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi**

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

#### **6. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis**

Á 228. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 12. júní sl. var ofangreind starfsleyfisumsókn Bláskógabyggðar tekin til afgreiðslu og ákveðið að starfsleyfi fyrir starfsemina yrði gefið út til 12 ára að loknum auglýsingatíma, að því gefnu að engar athugasemdir myndu berast á auglýsingatímanum.

Þar sem engar athugasemdir bárust innan auglýsts frests, hefur starfsleyfi fyrir starfsemina verið gefið út í samræmi við ofangreint.

#### **7. Kæruleið og kærufrestur**

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 21. júní 2023.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

*Stella Hrønn*

Stella Hrønn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi